

29. desember 1969.

607

Nr. 338.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Bókasafnssjóð forsetasetursins að Bessastöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. desember 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókasafnssjóð forsetasetursins að Bessastöðum.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Bókasafnssjóður forsetasetursins að Bessastöðum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 2 300 000.00 — tvær milljónir og þrjú hundruð þúsund krónur —.

Stofnendur sjóðsins eru eftirtaldir bankar og fyrirtæki í Reykjavík: Almennar tryggingar hf., Ásbjörn Ólafsson hf., Búnaðarbanki Íslands, Eggert Kristjánsson & Co. hf., Eimskipafélag Íslands hf., Helgafell, bókaútgáfa, Iðnaðarbanki Íslands hf., Landsbanki Íslands, Loftleiðir hf., Oliufélagið hf., Oliufélagið Skeljungur hf., Oliuverzlun Íslands hf., Samband islenskra samvinnufélaga, Samvinnubanki Íslands hf., Samvinnutryggingar, Seðlabanki Íslands, Sjóvátryggingafélag Íslands hf., Smjörliki hf., Útvegsbanki Íslands og Verzlunarbanks Íslands hf.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og viðhalda bókasafni á forsetasetrinu að Bessastöðum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: forseta Íslands, sem er sjálfkjörinn formaður sjóðsstjórnarinnar, og tveimur mönnum, er hann kveður til sem meðstjórnendur til þriggja ára í senn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins fer með öll fjármál hans.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Um endurskoðun reikninga sjóðsins fer á sama hátt og um aðra reikninga forsetaembættisins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 8. nóvember 1969.

ALMENNAR TRYGGINGAR HF.

ÁSBJÖRN ÓLAFSSON HF.

Ól. B. Thors.

Ásbjörn Ólafsson.

B 76

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS Þórh. Tryggvason. Haukur Þorleifsson.	EGGERT KRISTJÁNSSON & CO. HF. M. Ingimundarson.
EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS HF. Einar B. Guðmundsson. Óttarr Möller.	HELGAFELL, BÓKAÚTGÁFA E. R. Jónsson.
ÞNAÐARBANKI ÍSLANDS HF. Pétur Sæmundsen.	LANDSBANKI ÍSLANDS Björgvin Vilmundarson. Höskuldur Ólafsson.
LOFTLEIÐIR HF. A. Eliasson.	OLÍUFÉLAGIÐ HF. Vilhjálmur Jónsson.
OLÍUFÉLAGIÐ SKELJUNGUR HF. H. Hallgrímsson.	OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF. Ön. Ásgeirsson.
SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA E. Einarsson.	SAMVINNUBANKI ÍSLANDS Kristleifur Jónsson.
SAMVINNUTRYGGINGAR Á. Magnússon.	SEÐLABANKI ÍSLANDS Jóhannes Nordal. Davíð Ólafsson.
SJÓVÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF. St. G. Björnsson.	SMJÖRLÍKI HF. Davíð Sch. Thorsteinsson. Haukur Gröndal.
ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS Jóhannes Eliasson. Þormóður Ögmundsson.	VERZLUNARBANKI ÍSLANDS HF. Egill Guttormsson. Höskuldur Ólafsson

Nr. 339.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna fyrir árið 1968

T e k j u r :	
Sjóður í ársbyrjun:	
Landsbankainnstæða nr. 15303	kr. 109.62
Vextir af Landsbankainnstæðu	— 7.63
	Kr. 117.25
G j ö l d :	
Sjóður til næsta árs:	
Landsbankainnstæða nr. 15303	kr. 117.25
	Kr. 117.25

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1969.

Hjálmar Vilhjálmsson,

Gunnlaugur Þórðarson.